

AUGLÝSING

nýtt deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Vestmannaeyjum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 4. feb. 2005 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæði Vestmannaeyja.

Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögunnar hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Skipulagstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 12. apríl 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja,

Sigurður Smári Benónýsson.

SAMÞYKKT

um gæludýrahald í Reykjavík.

1. gr.

Gæludýrahald í Reykjavík sætir takmörkunum samkvæmt samþykkt þessari.

Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun fer með mál er varða dýravernd.

Gæludýr er hvert það lifandi dýr sem haldið er til afþreyingar.

Um búfé gilda ákvæði samþykktar um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík nr. 426/2003. Um hestahald gilda jafnframt ákvæði samþykktar um hesthús og hesthúshverfi í Reykjavík nr. 847/1999. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. samþykktar um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík nr. 426/2003, má halda kanínur sem gæludýr utan skilgreindra landbúnaðarsvæða.

Um hundahald gildir samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 52/2002 og um kattahald gildir samþykkt um kattahald í Reykjavík.

2. gr.

Stjórnsýsla.

Umhverfissviði Reykjavíkurborgar ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Öllum ákvörðunum sem umhverfissvið tekur á grundvelli samþykktar þessarar má skjóta til heilbrigðisnefndar til úrskurðar. Málskotsrétt eiga þeir sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta vegna þeirrar ákvörðunar og aðgerða sem um ræðir.

3. gr.

Ónæði, óhollusta og óþrif.

Eigendur gæludýra skulu gæta þess að dýr þeirra valdi ekki hávaða, ónæði, óhollustu, sjúkdómum hvort sem er í mönnum eða dýrum eða óþrifnaði.